



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. maí 2022

2202011SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Framhaldsumsögn um frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál.

Þann 11. febrúar sl. sendi Samband íslenskra sveitarfélaga umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál. Sambandið fylgdi umsögninni eftir á fundi með nefndinni þann 5. apríl sl.

Líkt og fram kemur í umsögn sambandsins hefur það frá upphafi gert verulegar athugasemdir við ákveðna þætti frumvarpsins sem hingað til hefur ekki verið tekið tillit til. Varða þær athugasemdir fyrst og fremst það inngríp í skipulagsvald sveitarfélaga sem frumvarpið boðar og varðar samspil skipulagsreglna fyrir flugvelli og skipulagsáætlana sveitarfélaga.

Í ljósi umsagna hagsmunaaðilar við frumvarpið óskaði umhverfis- og samgöngunefnd eftir minnisblaði frá innviðaráðuneytinu sem ætlað var að svara helstu athugasemdum hagsmunaaðila.

Að mati sambandsins svarar minnisblað ráðuneytisins ekki þeirri grundvallarspurningu hvers vegna þörf sé á að skerða skipulagsvald sveitarfélaga með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og er það að auki í andstöðu við gildandi framkvæmd. Vert er að taka fram að ekki hefur farið fram samtal milli ráðuneytisins og sambandsins um hvernig mögulega væri hægt að leysa úr ágreiningi sem einkum lýtur að orðalagi 146. greinar frumvarpsins. Sambandið sér sig því knúið til að lýsa enn og aftur óánægju með að ekki hafi verið gerð raunveruleg atlaða að því að ná sátt í málinu.

Í nýju minnisblaði Reykjavíkurborgar er farið yfir hvernig framkvæmdin er í dag og gerð tillaga að breytingu á frumvarpinu sem myndi festa í sessi þá framkvæmd sem nú er við lýði. Sambandið telur afar mikilvægt að reyna að ná sátt í málinu og óskar því eftir að fá ásamt Reykjavíkurborg samtal við nefndina um málið og þá tillögu sem lögð er fram í minnisblaði borgarinnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri